



Þessi fallega bygging gleður augað hvernig sem viðrar. Mynd: Dagskráin/HGL

Selfyssingar eiga fegurstu nýbyggingu Norðurlanda

MAMINNA er ný, árleg verðlaunaafhending í arkitektúr sem Arkitektúruppreisnin, alþjóðleg arkitektúr-hreyfing- og samtök stendur fyrir, sem hefur það að markmiði að bæta umhverfi, ýta undir fallegan arkitektúr og að skapa vettvang fyrir almenning til að viðra sínar skoðanir er varða arkitektúr.

MAMINNA verðlaunin eru samstarf á milli Arkitektúruppreisnarinnar á Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og

Danmörku. Árið 2021 sendi hvert land frá sér tilnefningar um fegurstu og ljótustu nýbyggingar ársins. Var þetta gert með því að leyfa almenningi að tilnefna nýjar byggingar í hvorum flokki fyrir sig. Þegar tilnefningarnar voru komnar í hús, fékk almenningur kost á að kjósa um fegurstu eða ljótustu nýbygginguna og með 40.2% greiddra atkvæða var okkar eigið Mjólkurbú Flóamanna kosið fallegasta nýbyggingin á Norðurlöndum.

Við erum að gera þetta fyrir fólk

Sigurður Einarsson, arkitekt hjá Battersinu var hinn kátasti með sigurinn. „Við erum bara að hanna hluti sem fólk líður vel í, við erum að gera þetta fyrir fólk. Þetta er búið að vera alveg frábærla skemmtilegt verkefni, það er ekkert skemmtilegra í þessum bransa en þegar notandinn er ánægður,“ segir Sigurður

HGL



Á myndinni má sjá stjórn Kvenfélags Dyrhólahrepps og skólustjóra þegar gjöfin var formlega afhent. Mynd: Mýrdalshreppur

Gjöf til söfnunar fyrir hreystibraut við Víkurskóla

Kvenfélag Dyrhólahrepps færði Víkurskóla peningagjöf að upphæð 200 þúsund krónur til styrktar hreystibrautarverkefni Víkurskóla. Söfnun vegna hreystibrautarinnar stendur enn yfir og áætlað að henni ljúki fyrir vorið. Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið er bent á að hafa samband við skólann og eins er enn hægt að styrkja verkefnið með kaupum á vönduðum sokkum frá Icewear. HGL

Næstu útgáfur Dagskrárinnar

Næstu útgáfudagar Dagskrárinnar eru 6., 13. og 27. apríl. Ekkert blað kemur út miðvikudaginn 20. apríl vegna páska og sumardagsins fyrsta. Við minnum fólk á að bóka auglýsingar tímanlega í kringum páskana.



Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656




Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



BUXNADAGAR

20-60% AFSLÁTTUR AF BUXUM 30. MARS - 4. APRÍL

**FULL BÚÐ AF
GLÆSILEGUM SUMARFATNAÐI**

VEFVERSLUN OKKAR ER TISKUVERSLUN.IS
AFSLÁTTARKÓÐINN ER BUXUR20

LINDIN

TÍSKUVERSLUN
Eyraavegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Reykholt-Tungurimi og Borgarrimi

Verklok eru 01.12.2022

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum Tungurima og Borgarrima í Reykholti, Bláskógabyggð.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæðum samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósa-staura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	2.200 m ³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði.	7.500 m ³
Fráveitulagnir.	815 m
Vatnsveitulagnir	385 m
Ljósastaurar.	23 stk
Hitaveitulagnir	602 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 29. mars 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Sigrúnu hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið sru@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 13. apríl 2022 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar



Nær 3 milljörðum króna veitt til innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum

Guðlaugur Þór Þórðarson, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, gerði á dögunum grein fyrir úthlutun fjármuna til uppbyggingu innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum. Gert er ráð fyrir um 2,8 milljarða króna framlagi til næstu þriggja ára.

Í ár verður úthlutað rúmlega 914 milljónum króna úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða sem gerir kleift að halda áfram því mikilvæga verkefni að byggja upp efnislega innviði á ferðamannastöðum, s.s. göngustíga, útsýnispalla, bílastæði og salerni. Aukin áhersla er á langtímaáætlanir í uppbyggingu staða en einnig á aukna miðlun og merkingar, ekki síst á stöðum þar sem samspil er á milli náttúru og menningarsögulegra minja.

65 nýir staðir

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er stefnumarkandi áætlun sem Alþingi samþykkti 2018. Verkefnaáætlanir eru gerðar til þriggja ára og eru uppfærðar á hverju ári. Ný verkefnaáætlun sem ráðherra kynnti nær til ársanna 2022-2024.

Alls eru nú 151 verkefni á áætlun næstu þriggja ára á rúmlega 90 ferðamannastöðum, þar af 65 ný verkefni sem bætast við að þessu sinni. Þar má nefna uppbyggingu á Geysissvæðinu, byggingu útsýnispalls og göngustíga í Ásbyrgi, yfirbyggingu minja Þjóðveldisbæjarins

á Stöng í Þjórsárdal, skála með góðri heilsárs salernisaðstöðu í Vaglaskógi, vandaða göngustíga við Búrfellsgjá, áframhaldandi umbætur á aðgengi ofan við Gullfoss með steypum stígum og frekari skref til bættrar aðstöðu við Jökulsárlón.

Mikill árangur náðst í að bæta innviði

„Landsáætlun um uppbyggingu innviða er verkfæri sem hefur sannað sig til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum um allt land,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. „Það er mikilvægt að hlúa vel að náttúru og minjastöðum okkar, sem svo margir njóta að heimsækja. Áætlunin gefur fyrirsjáanleika og fjármagn til lengri tíma, en einnig svigrúm til að bregðast hratt og örugglega við óvæntu

álagi vegna ferðamanna, eins og við höfum gert. Nú þegar við gefum verkefnaáætlunina út í fimmta sinn höldum við áfram vandaðri innviðauppbyggingu, sem ég veit að mun vernda viðkvæma náttúru og styðja við góða upplifun fólks á ferð sinni um landið.“

Mikill árangur hefur náðst í að bæta innviði um land allt og auka getu svæða til að taka á móti ferðamönnum, en á síðasta ári voru veittar 764 milljónir til slíkra verkefna, m.a. var aðstoða fyrir ferðamenn, ekki síst börn, stórbætt við Malarrið á Snæfellsnesi en einnig búið svo um hnútana að hægt væri að ráðast strax í nauðsynlegar endurbætur á innviðum í Hornstrandarfriðlandinu sem nýtur stóruka-inna vinsælda hjá innlendum og erlendum ferðamönnum.



Guðlaugur Þór Þórðarson Umhverfisráðherra



Multi penni með marga möguleika

Sjáið vöruúrvalið í netverslun okkar
baldvinsson.net

Austurvegur 50, 800 Selfoss, sími 777 3772,
sala@baldvinsson.net





LJÓSLEIÐARINN

GERIR ALLT MÖGULEGT MÖGULEGT

VIÐ TÖKUM ÖLL ÞÁTT Í AÐ VEFA FRAMTÍÐINA

Enginn veit nákvæmlega hvernig hún verður. Nema að hún verður með ólíkindum. **Við verðum öll tilbúin með Ljósleiðaranum.** Ljósleiðarinn byggir upp og rekur ljósleiðaranet fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Með þéttu neti ljósleiðarabráða tryggir Ljósleiðarinn landsmönnum hraðan og öruggan aðgang að tækifærum framtíðarinnar. Þannig gerum við allt mögulegt mögulegt.

Þjónusta alla leið

Ljósleiðarinn leggur áherslu á skjóta og örugga þjónustu. Þú byrjar á að hafa samband við þitt fjarskiptafélag og óska eftir tengingu við Ljósleiðarann. Í einni heimsókn eru þráðlaus tæki heimilisins tengd við **traust ljósleiðaranet** þar sem möguleikarnir eru endalausir.

Get ég tengst Ljósleiðaranum?

Á ljosleidarinn.is getur þú slegið inn heimilisfangið þitt og séð hvort Ljósleiðarinn er kominn til þín. Netið okkar vex og þéttist dag frá degi.

**LJÓSLEIÐARINN**

Miklir heilsubrestir eftir myglufund

Söfnun í gangi til styrktar Freyju, Sigurbóri og börnunum þeirra

Þetta eru Freyja og Sigurbór, ásamt börnunum sínum þremur. Emilía Sif (tíu ára) Embla Davmar (sex ára) og Eiður Smári (tveggja ára). Fyrir rúmu hálfu ári festu þau kaup á drauma húsinu sínu á Hellu. Fyrir þeim er þetta ekki bara hús, heldur fjölskyldugersemi, þar sem amma og afi Sigurbórs bjuggu þarna þegar Sigurbór var lítill gutti.

Þeim hlakkaði til að gera hús- ið að sínu en þau áform töfðust því Eiður litli veiktist hvað eftir annað. Hann varð svo veikur að foreldrar hans þurftu að dvelja með hann á barnspítalanum oftar en einu sinni þar sem hann hélt ekki uppi mettun og var háður súrefni, meðal annars lá Eiður inni á barnspítalanum í um viku rétt fyrir jólin 2021 en blessunarlega komst hann heim degi fyrir þorláksmessu þannig fjölskyldan gat haldið jólin saman.

Vírusar, öndunarfarasýkingar, hár hiti, flekkir um líkamann, ofnæmi ásamt fleiru hrjáðu hann hvað eftir annað. Og engin skildi af hverju hann fór að vera svona lasin hvað eftir annað. Ekki fyrr en um miðjan febrúar, þegar Sigurbór og Freyja fá

konu sem er með sérstaklega þjálfaðan mygluleitarhund til þess að koma heim til þeirra með hundinn til þess að skoða húsið og sjá hvort hann merki einhverstaðar myglu, því grunur lék á að það væri ekki allt með felldu. Þar sem að Freyja var farin að finna fyrir óþægindum í öndunarfarum og kominn með undarlega bletti á líkaman og var farin að leita sér lækni- aðstoðar gagnvart því.

Ég kann ekki þetta myglu lingó - En staðan er svona: Þau þurftu að gjöra svo vel að flytja út úr húsinu. Henda svo mikið sem nánast allri búslóð, rúmum, sængum, teppum, leikföngum, bara öllu, Rífa upp gólfefni, rífa niður millivegg og gera við allt þakið eins og það leggur sig þar sem það fannst mygla þar og í svefnherbergi Sigurbórs og Freyju. Ástæða þess að þau þurfa að losa sig við nánast allt er að myglutegundin sem fannst í herberginu þeirra getur verið hættuleg og mjög heilsuspillandi fyrir fólk. Þessi tegund dreifir sér með loftinu og agnar- smá myglugró setjast svo í nánast allt. Þau eru með leiðsögn fagfólks í þessum málum og eru algjörlega að fara eftir því sem

sérfræðingar í þessum málum mæla með.

Þetta hefur haft mjög vond áhrif á heilsu fjölskyldunnar, þá sérstaklega Eiðs Smára litla, sem snarlagaðist um leið og hann var fjarlægður af heimilinu. Og flekkirnir sem komnir voru á Freyju eru horfnir núna eftir að hún fór út af heimilinu.

Þetta er auðvitað mikill skellur fyrir þau öll, andlega, líkamlega og auðvitað fjárhagslega. Þess vegna langar okkur að biðja þig - elsku þú sem ert að lesa þennan póst að leggja þeim lið ef þú hefur tök á því. Margt smátt, gerir eitt stórt.

Fjárhæðin sem safnast fer í viðgerðir á húsinu og vonandi með aðstoð okkar allra, geta þau komið lífi sínu aftur í stand, eins fljótt og mögulegt er.

Reikningsnúmer: 0525-14-603243
Kennitala: 170581-3269

Takk fyrir að lesa og takk fyrir að leggja þessari yndislegu fjölskyldu lið ef þú hefur tök á því.

Kær kveðja,
Sírý frænka, Sigrún frænka og Inga vinkona



Ég vil byrja á því að þakka minni kærri vinkonu Sigrúnu Völu fyrir þessa skemmtilegu áskorun. Nú nýti ég tækifærið og kynni fyrir sunnlendingum það allra besta sem ég fæ hjá móður minni og leik oft eftir fyrir fjölskyldu mína. Heim hjá mér og foreldrum mínum kallast þessi góði réttur einfaldlega Svínakjöt í góðu.

Svínakjöt í góðu
600gr. Svínahnakki
300ml Matreiðslurjómi
Nóg af Smjöri
1 stk Sítróna
½ dl Steinselja
2 tsk Estragon
2 tenginar Nautakraftur
Svartur pipar
Salt



Katrín Þrastardóttir er Matgæðingurinn þessa viku

Gott er að byrja á því að lemja kjötið létt með buffhamri. Að því loknu skal pannan hituð vel með nægu smjöri, þegar pannan er orðin vel heit skal kjötið steikt. Leggið kjötið til hliðar og saltið. Lækkið undir pönnunni og setjið á hana estragon, steinselju og rjóma. Að því

búnu skal bæta við nautakrafti, svörtum pipar, salti og safi úr einni sítrónu. Hitið að suðu og hræið vel í. Síðan skal kjötinu bætt út í aftur, lofið bragðinu að taka sig í um það bil 10 mínútur á lágum hita. Berið fram með hrísgrjónum og baguette brauði.

Mér þykir við hæfi að skora á móður mína **Hrafnhildi Karlsdóttur** að koma með næstu uppskrift, en hún er mikill meistarakokkur líkt og sést á þessari uppskrift sem ég hef stolið af henni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Myndasýningarkvöld – litfögur hross

Hrossaræktarsamtök Suðurlands auglýsa. Mánudaginn 4. apríl. 2022 verður haldið myndasýningarkvöld í Rangárhöllinni kl. 20,00.

Þar mun Páll Imsland sýna fjölda mynda af íslenska hestinum, litum hans, lítaafbrigðum og litmynstrum og útskýra samhengi fyrirbæranna. Lítið verður um erfðaformúlur og umfjöllun um fræðilegar flækjur.

Um er að ræða skemmtisýningu frekar en fræðilegan fyrirlestur og þess vænst að áhorfendur geti átt notalega og ánægjulega kvöldstund saman og glaðst yfir fallegum hrossum.

Áhersla verður lögð á að sýna sem best það fjölbreytta úrval líta, litbrigða og litmynstra sem finnast í íslenska hrossastofninum og að fjalla um það á léttu og auðskyldu máli hvernig á fjölbreytninni stendur.

Léttar veitingar.
Ókeypis aðgangur.
Allir velkomnir.

H.S.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Notað fiska undir okkar hjá,
ílát sem að kroppinn hreinsar má,
að vori það á litlu lambi sá
og líka stendur kaffiborði á.

Svar við gátu í blaði 2642: **EKKI HUGMYND!**

1. ????? - 2. ?????
3. ?????



ÞÚ GETUR UNNIÐ DeWalt SEXVÉLASETT SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN



Skráðu þig hér

bit.ly/postlisti_selfoss

Austurvegi 69 Selfoss | 4 800 600

SINDRI*BYKO Selfossi auglýsir:*

Verslunarstjóri

BYKO leitar að leiðtoga til að leiða okkar frábæra hóp sem vinnur í verslun okkar á Selfossi.

Ef þú býrð yfir miklum leiðtogahæfileikum ert framsækinn, sinnir hlutum af fagmennsku og hefur gleðina í fyrirrúm, þá erum við að leita af þér.

Starf verslunarstjóra er ábyrgðarmikið, skemmtilegt og fjölbreytt.

Við leitum að einstaklingi með:

- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Ríka þjónustulund
- Mjög góða samskiptahæfni
- Menntun sem nýtist í starf
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vera sýnilegur leiðtogi og leiða daglega starfsemi verslunar
- Ábyrgð á rekstri og mannauði verslunar
- Samskipti við viðskiptavinum og birgja
- Ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingu
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun

Hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Bergsson, framkvæmdastjóri smásölusviðs, haraldur@byko.is

Umsóknarfrestur er til 10. apríl. Sótt eru um á byko.is eða alfred@byko.is

Atvinnuauglýsing**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN



Við þökkun auðsýnda samúð og góðar kveðjur vegna andláts föður okkar

Bárður K. Vigfússar,
leigubifreiðarstjóra, áður til heimilis
að Sólvollum 15, Selfossi,

sem var jarðsúnginn frá
Selfoskirkju 25. mars s.l.

Við þökkum stafsólki Fossheima fyrir góða umönnun undan farin ár

Brynja Ágústsdóttir
Gestur R. Bárðarson **Erna S. Guðmundsdóttir**
Kristinn M. Bárðarson **Gerða Arnardóttir**
og afkomendur.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts okkar elsku


Lilju Hjelm
Frá Ólafsvík, til heimilis að
Löngumýri 12b, Selfossi

Sérstakar þakkir færur við einstöku starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Handboltadeild Selfoss.

Jóhannes Óli Kjartansson
Bergþór Kristinn Jóhannesson
Jón Þröstur Jóhannesson **Anna Sigurlína Tómasdóttir**
Sigurlaug Jóhannesdóttir **Daði Hrafn Sveinbjarnarson**
barnabörn.



Sumar 2022



Kæru félagsmenn FOSS
Mánudaginn 4. apríl verður opnað fyrir umsóknir á sumarhúsum og íbúðum FOSS fyrir sumarið 2022. Opnunin er punktastýrð.

Punktastýrð úthlutun fer eftir orlofspunktaeign félaga. Á hverju tímabili gildir reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“. Sumartímabilið er 11. júní – 14. ágúst.



Úthlutun opnar þessa daga:

4. apríl 400 – 1.000 punktar
6. apríl 250 – 1.000 punktar
8. apríl opnar fyrir alla félagsmenn óháð punktastöðu.

Húsin sem eru í boði:

Skógarsel
Akrasel, hluti af sumrinu.
Eiðar nr. 16
Munaðarnes nr. 13
Munaðarnes nr. 15
Reykjavík 2 íbúðir
Kópavogur 1 íbúð
Blönduós, orlofshús
Akureyri, 2 íbúðir



Orlofsnefndin

Pelsinn



Skammstafanir

Prjón, l = lykkja, sl = slétt lykkja, br = brugðin lykkja, útaukning = taka band sem er milli lykkja, snúa upp á það og prjóna í gegn.

Hekl, ll = loftlykkja, fl = fastalykkja, kl = keðjulykkja

Fitjið upp 40 lykkjur og tengið saman í hring. Prjónið 2 sl og 2 br alls 10 sm. Vegna þess hversu loðið garnið er getur verið erfitt sjá vel í prjónið og því gott að setja prjónamerki af og til.

Útaukning

er gerð þannig að aukið er út í jaðri slétta hluta stroffsins í þriðju hverri umferð.

Búið til lykkju fyrir framan fyrstu sl lykkjuna eina umferð (þá hefur lykkjum fjölgað um 10). Prjónið 2 umferðir án útaukningar, 3 sl, 2 br.

Í fjórðu umferðinni er útaukningin gerð fyrir aftan síðustu sl lykkjuna.

Prjónið 2 umferðir 4 sl, 2 br.

Þannig er aukið út í þriðju hverri umferð til skiptis sitthvoru megin við sléttu lykkjur stroffsins þar til garnið er búið.

Heklaður kantur:

Sækið lykkju í gegnum fyrstu lykkjuna sem er síðan tekin fram af prjóninum. Gerið í hana fl, 2 ll, fl. Endurtakið í allar lykkjurnar og endið á kl í fyrstu fl. Slítið frá og dragið endann í gegn. Gangið frá endunum.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Á Íslandi er gott að eiga alltaf við hendina skjólflik fyrir háls og herðar þegar næsti kaldí gustur á leið hjá og ekki skaðar ef hún er falleg við hvað sem er. Hér er uppskrift að einni slíkri sem er alveg dúndur mjúk og notaleg.

Garnið heitir Samara og er frá DMC og fæst í nokkrum litum. Ein dokka dugar. Notaðir eru prjónar nr. 9, 40 og 80 sm. Í jaðarinn er notað Merino Extra Fine 120 frá Hjertegarn og heklunál nr. 4. 10 stk prjónamerki.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að
vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/




Penni

með skífumæli

Sjáið vöruúrvalið í netverslun okkar
baldvinsson.net



Austurvegur 50, 800 Selfoss, sími 777 3772,
sala@baldvinsson.net



Íbúafundur vegna Hvammsvirkjunar

Haldinn verður íbúafundur að Laugalandi í Holtum,
miðvikudaginn 6. apríl kl. 20 á vegum Rangárþings ytra.

Á fundinum mun Landsvirkjun kynna starfsemi sína á Þjórsársvæði og áform um Hvammsvirkjun. Á fundinum verða fulltrúar frá Landsvirkjun og sveitarfélaginu Rangárþingi ytra. Fundarstjóri verður Ágúst Sigurðsson.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta sent inn spurningar varðandi virkjunina, framkvæmd hennar og annað sem brennur á fólki inn á netfangið **ry@ry.is** fyrir lok mánudagsins 4. apríl.



Rangárþing ytra
Fyrir okkur öll!



Landsvirkjun

fastus.is

WEXIÖDISK, COMENDA OG HOBART UPPÞVOTTAVÉLAR ÖFLUGUR LIÐSAUKI Í ELDHÚSIÐ



WEXIÖDISK
Vandaðar og öflugar vélar fyrir þá sem vilja það besta



COMENDA
Ódýrari kostur - öflug og góð vél fyrir stærri eldhús



HOBART
Frábær fyrir minni eldhús, kaffistofur o.fl.

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Aðalfundur

Stjórnendafélag Suðurlands heldur
aðalfund á Hótel Selfossi fimmtudaginn
31. mars nk. kl. 19:00

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Fulltrúi frá Sambandi stjórnendafélaga mætir á fundinn
- KOMPÁS þekkingarsamfélagið verður kynnt

Matur í boði félagsins í upphafi fundar
Stjórnin



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar
á næstu vikum.

HÆKKAD VERÐ

Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands Selfossi



Ertu að byggja?

Gæða glugga og
hurðir frá **idealcombi**
færðu hjá okkur



Hafðu samband eða kíktu í heimsókn
og fáðu tilboð í pakkann



Gluggasalan

S: 544 2300 • gluggar@gluggasalan.is
Gagnheiði 55, Selfossi (sama hús og Fagform)

Okkar Hveragerði kynnir framboðslistann sinn

Framboðslisti Okkar Hveragerðis fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022 var kynntur á fjölmennum fundi á Rósakaffi í Hveragerði fimmtudaginn 24. mars sl.. Okkar Hveragerði er óháð bæjarmálafélag skipað íbúum sem hafa áhuga á bæjarmálum í Hveragerði og bera velferð íbúa fyrir brjósti. Árið 2018 hlaut Okkar Hveragerði 33% atkvæða og tvo bæjarfulltrúa. Á framboðslistanum eru íbúar með fjölbreyttan bakgrunn, menntun og reynslu.

Sandra Sigurðardóttir, íþrótt- og heilsufræðingur og athafnakona skipar efsta sæti listans. Í öðru sæti er Njörður Sigurðsson bæjarfulltrúi, sagnfræðingur og aðstoðarþjóðskjalavörður í Þjóðskjalasafni Íslands. Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, lögmaður og söngkona skipar þriðja sæti listans, í fjórða sæti er Hlynur Kárasón, húsasmíðameistari og vara-bæjarbæjarfulltrúi og Atli Viðar Þorsteinsson, verkefnastjóri og plötusnúður, í fimmta sæti.

Okkar Hveragerði leggur áherslu á aukið gagnsæi í ákvarðanatöku bæjarins, vandaða stjórnsýslu, öflugt atvinnulíf, meira rými fyrir íbúalýðræði, styrkja stöðu minnihluta- og jaðarsettra hópa, uppbyggingu húsnæðis, efla gott íþróttastarf sem allir aldurshópar geta haft greiðan aðgang að óháð stétta-



stöðu, ríka áherslu á skóla- og verði ráðinn á faglegum for-
velferðarmál og að bæjarstjóri sendum.

Listann skipa:

Sandra Sigurðardóttir, íþrótt- og heilsufræðingur og athafnakona
Njörður Sigurðsson, sagnfræðingur og bæjarfulltrúi
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, lögmaður og söngkona
Hlynur Kárasón, húsasmíðameistari og vara-bæjarfulltrúi
Atli Viðar Þorsteinsson, verkefnastjóri og plötusnúður
Sigríður Hauksdóttir, ráðgjafi í félagsþjónustu
Jóhann Karl Ásgeirsson, háskólanemi
Valgerður Rut Jakobsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
Eygló H. Jóhannesdóttir, deildarstjóri í heimaþjónustu og sjúkraliði
Eydís Valgerður Valgarðsdóttir, nemi
Páll Kjartan Eiríksson, öryrki
Guðjóna Björk Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur
Kristján Björnsson, húsasmíðameistari
Anna Jörunn Stefánsdóttir, talmeinafræðingur

Fréttatilkynning frá Okkar Hveragerði

Framsókn og aðrir framfarasinnar í Rangárþingi eystra

Framboðslisti Framsóknar- og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra vegna sveitarstjórnarkosninganna 2022 var samþykktur á opnum félagsfundi Framsóknarfélags Rangæinga fimmtudaginn 24. mars 2022.

Uppstillingarnefnd, skipuð Bergi Pálssyni og Sigrúnu Þórarinsdóttur, hefur undanfarnar vikur unnið að uppstillingu listans. Óskað var eftir áhugasömum einstaklingum sem vildu taka sæti á listanum og fóru viðtökur langt fram út væntingum. Uppstillingarnefnd eru færðar þakkar fyrir vel unnin störf.

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárþings eystra skipar fyrsta sæti listans, í öðru sæti er Rafn Bergsson, bóndi í Hólmahjáleigu A-Landeyjum, í þriðja sæti er Bjarki Oddsson, lögregluvarðstjóri og fjórða sæti skipar Guri Hilstad Ólason kennari.

Listinn er skipaður kraftmiklu fólki á öllum aldri úr Rangárþingi eystra. Þeir sem skipa listann koma úr mismunandi stéttum samfélagsins með fjölbreyttan bakgrunn. Öll höfum við þann metnað að vinna af krafti við að styrkja og efla okkar góða samfélag. Við hlökkum til komandi vikna í kosningabaráttunni og vonumst til að kosningabaráttan verði háð á drengilegan hátt þar sem málefni og hagsmunir



Lilja, Rafn, Bjarki og Guri skipa fyrstu fjógur sætin á listanum.

sveitarfélagsins verða hafðir að leiðarljósi.

Við teljum að það sé mikilvægt að heyra raddir sem flestra og því viljum við eiga gott samtal við íbúa Rangárþings

eystra. Við munum auglýsa opna fundi okkar þar sem íbúum er boðið að koma og hafa áhrif á þau stefnumál sem við munum leggja upp með.

Framboðslisti Framsóknar- og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022 er þannig skipaður:

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri
Rafn Bergsson, bóndi
Bjarki Oddsson, lögregluvarðstjóri
Guri Hilstad Ólason, kennari
Kolbrá Lóa Ágústsdóttir, starfsmaður á Kirkjuhol
Sigurður Þór Þórhallsson, starfsmaður íþróttamiðstöðvarinnar
Stefán Friðrik Friðriksson, sérfræðingur í markaðsmálum
Ingibjörg Marmundsdóttir, eldri borgari
Ástvaldur Helgi Gylfason, leiðbeinandi og þjálfari
Oddur Helgi Ólafsson, nemi
Lea Birna Lárusdóttir, nemi
Konráð Helgi Haraldsson, bóndi
Ágúst Jensson, bóndi
Ásta Brynjólfssdóttir, sérkennari

Sérfræðingur í lagna- og loftræsihönnun

EFLA leitar að metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni, með sérþekkingu í lagna- og loftræsihönnun. Um er að ræða starf í fagteymi lagna- og loftræsikerfa. Starfið er óháð staðsetningu sem þýðir að búseta starfsmanns skiptir ekki máli til að geta sinnt starfinu.

Starfssvið

- Hönnun frárennslis-, neysluvatns-, hita- og kælilagna
- Hönnun á vatnsúðakerfi
- Hönnun loftræsilagna
- Gerð útboðsgagna, orkuútreikninga og kostnaðaráætlana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í vél- og orkutækniþætti eða sambærileg menntun
- Reynsla af lagna og/eða loftræsihönnun er kostur
- Reynsla í notkun AutoCad og Revit
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Metnaður til starfsþróunar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í íslensku og ensku

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Gildi EFLU eru hugrekki, samvinna og traust og leggjum við mikið upp úr því að fá til liðs við okkur kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk.

Umsókn og kynningarbréf, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum vef EFLU, efla.is/laus-storf, fyrir **10. apríl 2022**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Ágúst Ingason sviðsstjóri byggingasviðs, olafur.agust.ingason@efla.is.

“Kemur ekki vor að liðnum vetri?”

Vörðukórinn lýkur vetrarstarfi sínu með tónleikum í Skálholti miðvikudagskvöldið 13. apríl n.k. kl 20:00.

Fjölbreytt dagskrá með verkum eftir Bob Chilcott, Hildigunni Rúnarsdóttur, Þorkel Sigurbjörnsson, Loft S. Loftsson, Jón Ásgeirsson ofl. Von, kærleikur, ást og friður.

Stjórnandi kórsins er sem fyrr Eyrún Jónasdóttir og undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir. Sérstakir gestir Vörðukórsins á tónleikunum eru Kristrún Steingrímsdóttir og Joel Durksen.

Aðgangseyri kr 3000, ókeypis fyrir 12 ára og yngri. Hlökkum til að sjá ykkur og njóta góðrar tónlistar í aðdraganda páska

Vörðukórinn



Auglýsing um framboðslista

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga, sem fram fara 14. maí 2022, rennur út kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 8. apríl 2022.

Kosið verður til bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Árborg. Framboðslistar skulu hafa borist yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar fyrir ofangreindan tíma. Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum í fundarsal á 3. hæð, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, föstudaginn 8. apríl 2022 frá klukkan 11:00 fyrir hádegi til klukkan 12:00 á hádegi.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 11 nöfn frambjóðenda og eigi fleiri en 22. Framboðslistum fylgi yfirlýsing þeirra, sem á listunum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listana, undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Framboðslistum skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í sveitarfélaginu, 80 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 160. Hver kjósendi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Með hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hvaða tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef um ný stjórnálagssamtök er að ræða skal framboðslista fylgja staðfestingu á skráðu heiti og listabókstaf samtakanna.

Gæta skal þess að tilgreina með skýrum hætti fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og lögheimili, til þess að enginn vafi leiki á því hverjir séu í kjöri. Greina skal nafn, kennitölu og lögheimili meðmælenda.

Nánari upplýsingar um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga er að finna á www.kosning.is.

Selfossi, 28. mars 2022

Yfirkjörstjórnin í Sveitarfélaginu Árborg

Ingimundur Sigurmundsson
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir
Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

Ása Valdís Árnadóttir leiðir E-listann í Grímsnes- og Grafningshreppi

Framboðslisti E-listans í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor hefur verið kynntur. Á listanum er fólk með fjölbreytta reynslu, menntun og bakgrunn sem hefur mikinn áhuga á málefnum sveitarfélagsins og vill gera gott samfélag enn betra.

Framboðslisti E-lista fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022:

1. Ása Valdís Árnadóttir 39 ára, oddviti, Bíldsbrún 1
2. Björn Kristinn Pálmarsson 39 ára, verkamaður, Borgarbraut 5
3. Smári Bergmann Kolbeinsson 35 ára, viðskiptafræðingur, Eyvík 1
4. Steinar Sigurjónsson 28 ára, umsjónarmaður umhverfismála, Hólsbraut 18
5. Anna Katarzyna Wozniczka 39 ára, verkefnastjóri, Brún við Írafoss
6. Pétur Thomsen 48 ára,



- myndlistarmaður, Upphæðum 3 Sólheimum
7. Guðrún Helga Jóhannsdóttir 43 ára, aðstoðarframkvæmdastjóri, Kringlu 2
 8. Guðmundur Finnbogason 41 ára, verkefnastjóri, Hraunbraut 10

9. Jakob Guðnason 36 ára, sölumaður, Írafossi
10. Sigríður Kolbrún Oddsdóttir 70 ára, heldri borgari, Snæfoksstöðum 99

Fréttatilkynning frá E-listanum í Grímsnes- og Grafningshreppi

Á-listinn í Rangárþingi ytra býður fram í fjórða sinn

Á-listinn í Rangárþingi ytra birtir hér með framboðslista sinn fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022 og býður þar með fram í fjórða sinn. Á listanum er fólk með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu úr atvinnulífinu og sveitarstjórnarmálum.

Allir frambjóðendur eru búsettir í sveitarfélaginu og er listinn óháður hefðbundnum stjórnmálaflokkum. Þannig teljum við hag sveitarfélagsins best borgið, með áherslum íbúanna sjálfra um þeirra eigin hag.

Framboðið teflir ekki fram fyrirfram ákveðnu sveitarstjóraefni, en fái framboðið til þess stuðning mun það auglýsa eftir hæfum einstaklingi til að framkvæma þau verkefni sem sveitarstjórn setur í farveg hverju sinni.

Frambjóðendur eru fullir tilhlökkunar að vinna að þeim verkefnum sem liggja fyrir, sem fulltrúar allra íbúa sveitarfélagsins. Allir áhugasamir um framboðið eru hvattir til að fylgjast með hvatningu mála á samskiptamiðlinum Facebook - www.facebook.com/alistinnry


Listinn er þannig skipaður:

1. Eggert Valur Guðmundsson, 59 ára, sjálfstætt starfandi.



2. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, 45 ára, bóndi og sveitarstjórnarfulltrúi.
3. Erla Sigríður Sigurðardóttir, 29 ára, sjúkraflutningamaður.
4. Þórunn Dís Þórunnardóttir, 29 ára, aðstoðarútgangarstjóri og rafvirkjanemi.
5. Viðar Már Þorsteinsson, 47 ára, tæknifulltrúi og símsmiður.
6. Brynhildur Sighvatsdóttir, 33 ára, tanningamaður.
7. Berglind Kristinsdóttir, 48 ára, verslunareigandi og prjónakona.
8. Magdalena Przewlocka, 43 ára, grunnskólakennari og stærðfræðingur.


9. Jón Ragnar Björnsson, 79 ára, eldri borgari og formaður félags eldri borgara í Rangárvallasýslu.
10. Fjóra Kristín B. Blandon, 29 ára, grunnskólakennari og master í íþróttasálfræði.
11. Yngvi Harðarson, 62 ára, vélstjóri.
12. Daníel Freyr Steinarsson, 24 ára, vélamaður og slökkviliðsmaður hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu.
13. Jóhanna Hlökkversdóttir, 33 ára, stöðvarstjóri í Matorku fiskeldi.
14. Magnús Hrafn Jóhannsson, 58 ára, teymisstjóri.



Ævintýralegar kojur fyrir börnin

Sjáið úrvalið af kojum og fjölda annarra vara í netverslun okkar baldvinsson.net

Austurvegur 50,
800 Selfoss, sími 777 3772,
sala@baldvinsson.net



XB-Framfarasinnar bjóða fram lista í Ölfusi

XB-Framfarasinnar í Ölfusi munu bjóða fram lista í komandi sveitastjórnarkosningum. Listinn samanstendur af öflugum hópi íbúa, bæði úr þéttbýli og dreifbýli Ölfuss. Frambjóðendurnir eru með fjölbreyttan bakgrunn og eiga það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á samfélagsmálum og metnað til að vinna að bættu samfélagi og vönduðum vinnubrögðum.

XB-Framfarasinnar leggja áherslu á að mótun stefnumála verði gerð í opnu samtali við íbúa sveitafélagsins og er sú vinna nú þegar hafin. Þetta samtal mun halda áfram með opnum fundum um tiltekin málefni en upplýsingar um komandi fundi má finna á heimasíðu okkar www.framfarasinnar.is.



1. Hrönn Guðmundsdóttir, 62 ára skógræðingur.
2. Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, 47 ára húsa-smíðameistari.

3. Gunnsteinn R. Ómarsson, 51 árs skrifstofustjóri.
4. Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir, 37 ára hegðunarráðgjafi.
5. Hlynur Logi Erlingsson, 28 ára stuðningsfulltrúi.
6. Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir, 33 ára kennaranemi.
7. Emil Karel Einarsson, 28 ára sjúkrahjálfi.
8. Sigrún Theodórsdóttir, 55 ára félagsliði.
9. Arnar Bjarki Árnason, 44

- ára vél- og orkutækniþræðingur.
10. Helga Ósk Gunnsteinsdóttir, 19 ára framhaldsskólanemi.
11. Axel Orri Sigurðsson, 25 ára stýrimaður og hundapjálfi.
12. Steinn Þór Karlsson, 83 ára búfræðingur.
13. Jón Páll Kristófersson, 51 ára rekstrarstjóri.
14. Anna Björg Níelsdóttir, 52 ára bókarí.

Fréttatilkynning frá Framfarasinnum í Ölfusi

Framboðslisti Samfylkingarinnar í Árborg

Á fjölmennum félagsfundi Samfylkingarinnar í Árborg þann 24. mars var samþykktur einróma framboðslisti vegna sveitastjórnarkosninga þann 14. maí nk.

Listann skipa reynslumiklir einstaklingar sem sitja í bæjarstjórn Árborgar auk nýrra framboðenda sem nú stíga sín fyrstu skref í sveitarstjórnarmálum, fullir áhuga á að gera gott sveitarfélag enn betra.

Í hópnum eru einstaklingar með víðtæka þekkingu og reynslu víðsvegar að úr samfélaginu og spegla vel þá miklu breidd sem býr í ört vaxandi samfélagi.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, leiðir listann, annað sætið skipar Sigurjón Vídalín Guðmundsson, bæjarfulltrúi, það þriðja Björgvin G. Sigurðsson, fyrrv. alþingismaður og í fjórða sætinu er Ástfríður M. Sigurðardóttir, gæðastjóri MAST.

Í fimmta sætinu er María Skúladóttir, grunnskólakennari og í því sjötta Viktor S. Pálsson, lögfræðingur og varaþingmaður.

Listinn mun á næstunni kynna stefnumál sín en Samfylkingin hefur verið í meirihlutasamstarfi í Árborg. Á Framboðslisti Samfylkingarinnar í Árborg 2022 eru:



1. Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi og bæjarfulltrúi
2. Sigurjón Vídalín Guðmundsson, jarðfræðingur og bæjarfulltrúi
3. Björgvin Guðni Sigurðsson, sjálfstætt starfandi
4. Ástfríður M. Sigurðardóttir, gæðastjóri MAST
5. María Skúladóttir grunnskólakennari
6. Viktor Stefán Pálsson lögfræðingur
7. Svala Norðdahl lífskúnnstner
8. Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri
9. Elísabet Davíðsdóttir lagannemi
10. Jean Rémi Chareyre, sjálfstætt starfandi
11. Herdís Sif Ásmundsdóttir hjúkrunarfræðingur
12. Jóhann Páll Helgason fanga-vörður

13. Drífa Björt Ólafsdóttir, kennaranemi og leiðbeinandi
14. Egill Ö. Hermannsson, háskólanemi og varaform. ungva umhverfissinna
15. Guðrún Ragna Björgvinsdóttir nemi
16. Hjalti Tómasson eftirlitsfulltrúi
17. Drífa Eysteinsdóttir hjúkrunarfræðingur
18. Elfar Guðni Þórðarson listmálari
19. Þorvarður Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri SASS
20. Sigríður Ólafsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi
21. Margrét Frimannsdóttir húsmóðir
22. Sigurjón Erlingsson múrari

Samfylkingin í Árborg.

Maturinn, jörðin og við

Ráðstefna 7. og 8. apríl 2022 á Hótel Selfossi

Markmið ráðstefnunnar er:

Að hvetja til upplýstrar umræðu um áskoranir í matvælaframleiðslu með hliðsjón af loftslagsmálum, heilsusjónarmiðum og fleiri áhrifaþáttum á neyslu og lífsstíl fólks. Sjónum verði sérstaklega beint að áhrifum á samfélög, byggð og atvinnulíf á landinu og þeim tækifærum sem við stöndum frammi fyrir.

Haldin af félaginu Auður Norðursins í samstarfi við Bygðastofnun og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

OPIÐ Í FSU

ÞRIÐJUDAGINN 5. APRÍL
KL. 16:00-18:00

Bjóðum 10. bekkinga og forráðamenn þeirra sérstaklega velkomna og fá svör við ýmsum spurningum sem upp koma þegar verið er að ígrunda framhaldsskólanám.

Kynnt verður fjölbreytt námsframboð skólans, bæði bóknám og iðn- og starfsnám.

KJÖRIÐ TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ SKOÐA GLÆSILEG HÚSAKYNNI SKÓLANS

FJÓLWARGAR STUDENTSRAUTIR BEDI Í BÓKNÁMI OG STARFSNÁMI
FJÓLBREYTTI IÐNÁMI OG STARFSNÁMI // IÐRÓTTAKAÐEMÍUR
GRUNNMENTABRÚ // SEINWANGRAUT // ÖFLUGT FÉLAGSLÍF



FJÓLBREYTTNI
NÝSKÖPUN
UPPLÝSING



Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Atvinna

Óska eftir dyravörðum/öryggisgæsla á Selfossi og Hveragerði

Vegna aukina verkefna vantar fólk í kvöld- og helgarvinnu.

Uppl. á uppognidur@uppognidur.is

VOR Í ÁRBORG 2022

Menningar- og bæjarhátíðin „Vor í Árborg 2022“ verður haldin 21.- 24. apríl nk. Skipulagning er á undirbúningsstigi og hvers kyns tillögur að dagskráratriðum og/eða hugmyndum um menningarviðburði eru vel þegnar. Hér með er óskað eftir þátttöku félaga og samtaka, einstaklinga og áhugahópa, fyrirtækja og stofnanna.

Fjölskylduleikurinn, „*Gaman - saman sem fjölskylda*“ verður áfram hluti af hátíðarhöldunum. Sérstakt vegabréf verður gefið út með dagskrá hátíðarinnar sem stimplað verður í eftir þátttöku í atburðum og heimsóknum á viðburði. Vegabréfinu er skilað inn eftir hátíðina og eiga þátttakendur möguleika á sumarlegum vinningum.

Áhugasamir hafi samband við Ólaf Rafnar Ólafsson, atvinnu- og viðburðafulltrúa, olafur.rafnar@arborg.is eða Díönu Gestsdóttur, lýðheilsufulltrúa, dianag@arborg.is

Með von um góðar undirtektir
Frístunda- og menningardeild Sveitarfélags Árborgar



Hvar voru Fiskivötn?

Þegar Flosi Þórðarson fór að austan til að hefna Höskuldar Bráinssonar lagði hann af stað frá Svínafelli snemma sunnudags. Þeir komu í Kirkjubæ og báðust fyrir í kirkjunni.

„Síðan stigu þeir á hesta sína og riðu upp á fjall og svo til Fiskivatna og riðu nokkru fyrir vestan vötnin og stefndu svo vestur á sandinn. Létu þeir þá Eyjafjallajökul á vinstri hönd sér og svo ofan í Goðaland og svo til Markarfljóts og komu um nónskeið annan dag vikunnar á Þríhyrningshálsa og biðu þar til miðs aftans.“

Þetta er skilmerkilega orðað og ætti ekki að vefjast fyrir fólki að rekja leiðina. Samt er eins og menn trúu ekki eigin augum og segja sumir að höfundur sé svona ónákvæmur af því að hann sé ókunnugur staðhátum. Upp á fjall þarf ekki að þýða annað en að hann hefur riðið upp í Skaftártungu. Sandur sem þarna er nefndur getur ekki

verið annar en Mælifellssandur.

Í útgáfum Njálssögu sem reyna að skýra hvar Flosi fór er aðeins talað um að Fiskivötn séu annað hvort Veiðivötn eða Álftavatn. Þau koma samt ekki til greina. Flosi hefði aldrei farið það sem núna kallast Fjallabaksleið nyrðri, norður yfir Tungnaá, aftur suður yfir ána og síðan úr Landmannalaugum yfir fjallgarð og fram hjá Álftavatni í Emstrur án þess að höfundur nefni það. Álftavatn væri nær lagi sem Fiskivötn. En það er fyrir vestan Mælifellssand og ekki hægt að ríða í vestur frá því inn á sandinn.

Fiskivötn hafa verið í vestanverðri Skaftártungu en hafa frekar fyllt af ösku frá Kötlu en hrauni Lakagíga. Það þarf varla að orðlengja að breytingar hljóta að hafa orðið á landslagi norðan Kötlu í aldanna rás. Breytingar á vötnum þar hafa gerst smáa saman og ekki verið talin ástæða

til að nefna smábreytingar sérstaklega í rituðu máli. Skyndilegt hvarf vatnanna undir hraun Lakagíga hefði líklegar haldist í minni manna og verið sett einhvers staðar á blað.

Hólsarlón gæti verið leifar af þeim vötnum, en gæti líka hafa myndast seinna.

En hvar fór Flosi af Sandinum og á Þríhyrningshálsa?

„Létu þeir þá Eyjafjallajökul á vinstri hönd sér og svo ofan í Goðaland og svo til Markarfljóts ...“

Þórður Tómasson fullyrðir að Goðaland sé fyrir sunnan Krossá en Þórmörk fyrir norðan og að svo hafi verið á landnámsöld. Notar þetta til að rökstyðja skoðun sína á því hvar Jöldusteinn sé. Flosi átti ekkert erindi í núverandi Goðaland og ekki gott að segja hvorum skjöplast, höfundur Njálu eða Þórði. Flosi hefur trúlegast komið sér vestur yfir Markarfljót ofan við gljúfrin og sem efst áður en hliðarar stækka það. Þríhyrningshálsar eru, af kortum að dæma, allt heiðalendið sunnan og austan Þríhyrnings.

Aðalsteinn Geirsson,
 Selfoss.
 Sími 869 9613

Jóhanna Ýr leiðir lista Framsóknar í Hveragerði

Framsókn í Hveragerði kynnti framboðslista sinn fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar á fjölmennum fundi í Gróðurhúsinu í Hveragerði fimmtudaginn 24. mars síðastliðinn.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri Framsóknar og bæjarfulltrúi í Hveragerði, leiðir listann en í öðru sæti er Halldór Benjamín Hreinsson, framkvæmdastjóri upplýsingatækni hjá Þjóðskrá Íslands.

Listi Framsóknar í Hveragerði er þannig skipaður:

1. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri og bæjarfulltrúi
2. Halldór Benjamín Hreinsson, framkvæmdastjóri
3. Andri Helgason, sjúkraþjálfari og eigandi Tinds sjúkraþjálfun
4. Lórey Sigurjónsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Fitnessbilsins
5. Thelma Rún Runólfssdóttir,



- háskólanemi og leiðbeinandi á leikskóla
6. Snorri Þorvaldsson, lögreglumaður
7. Kolbrún Edda Jensen Björnsdóttir, leiðbeinandi á leikskóla
8. Arnar Ingi Ingólfsson, byggingarfræðingur og húsasmíðameistari
9. Hanna Einarssdóttir, háskólanemi og söngkona

10. Halldór Karl Þórsson, kórufuknattleiksþjálfari
11. Brynja Sif Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræðinemi
12. Örlýgur Atli Guðmundsson, tónlistarkennari og kórstjóri
13. Magnea Ásdís Árnadóttir, eftirlaunaþegi
14. Garðar R. Arnason, grunnskólakennari og fyrrv. bæjarfulltrúi

Ráðstefna

Maturinn, jörðin og við

7. og 8. apríl 2022 á Hótel Selfossi

Skráning á tix.is

Hver vill hugga krílið?

Tónverkið „Hver vill hugga krílið?“ er fyrir barnakór, hljómsveit og sögumann. Verkið er eftir Olivier Manoury og er samið við sögu Tove Jansson í þýðingu Þórarins Eldjárn. Ævintýrið segir frá litlum dreng sem býr einn úti í skógi. Hann er mjög feiminn og þorir ekki að vingast við nokkurn fyrr en hann hittir litla stúlku sem er enn hræddari við lífið en hann. Þá finnur hann kjarkinn og sagan endar á því að þau ákveða að sigla burt á bát með filifjonkunum. Óttinn vikur fyrir gleði og vináttu. Krílið og Stráið hugga hvort annað, nú hafa þau eignast vin!

Litríkum myndum Tove Jansson er varpað upp á meðan á flutningi verksins stendur. Verkið tekur um 40 mínútur í flutningi og er við hæfi barna á öllum aldri. Kórnir sem syngja eru Barnakór Hvolsskóla og Graduale Futuri. Sögumaður er Eyjólfur Eyjólfsson og hljómsveitina skipa Olivier Manoury bandoneon, Edda Erlendsdóttir píanó, Eggert Pálsson slagverk



og Richard Korn kontrabassi. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Verkið var fyrst flutt í Langholtið árið 2019 og í framhaldinu kviknaði sú hugmynd að stækka verkefnið og flytja það víðar og með fleiri barnakórum. Það varð úr og verkið var næst flutt á Ísafirði með Barnakór Tónlistarskóla Ísafjarðar, Stúlnakór Tónlistarskóla Ísafjarðar og Graduale Futuri. Þaðan átti leiðin að liggja til Akureyrar, í Skálholti og loks í Hörpu.

Af því varð ekki, ekki fyrr en nú tveimur árum síðar. Verkið var flutt í Hofi sl. sunnudag með norðenskum barnakórum og Sumardaginn fyrsta verða svo lokatónleikar í Hörpu í samstarfi við tónlistarhátíðina Big Bang. Þar koma norðensku og sunnlensku kórnir allir fram. Verkefnið er styrkt af Barnamenningarsjóði, Uppbyggingasjóði SASS, Uppbyggingasjóði SSNE, Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og Verðandi listsjóði og unnið í samvinnu við Síðniúhljómsveit Suðurlands.



Framboðslisti Vinstri grænna í Árborg

- Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur, leiðir lista Vinstri grænna sem samþykktur var á félagsfundi VG í Árborg í nýlega. Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra var sérstakur gestur fundarins og ræddi stöðu stjórnmálanna við fundargesti. Í öðru sæti listans í Árborg er Guðbjörg Grímsdóttir framhaldsskólakennari og Jón Özur Snorrason í þriðja. F o r m a ð u r Vinstri grænna í Árborg, Sædis Ósk Harðardóttir, segir að fundurinn hafi verið kraftmikill og hugur sé í fólki. Sædis situr sjálf í fjórða sæti á listanum sem hér má sjá í heild.
1. Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur
 2. Guðbjörg Grímsdóttir framhaldsskólakennari
 3. Jón Özur Snorrason framhaldsskólakennari
 4. Sædis Ósk Harðardóttir, deildarstjóri grunnskóla
 5. Guðrún Runólfssdóttir einkaþjálfari
 6. Leifur Gunnarsson lögfræðingur
 7. Pétur Már Guðmundsson bóksali
 8. Krístrún Júlía Halldórsdóttir myndlistakona

9. Alex Máni Guðríðarson fuglaljósmyndari
10. Ágústa Eygló Backman fiskeldisfræðingur
11. Magnús Thorlacius fiskalíf-fræðingur
12. Dagmara Maria Zolich félagsliði
13. Ágúst Hafsteinsson pípu-lagningameistari
14. Nanna Þorlaksdóttir, fyrverandi skólafulltrúi og eftirlaunabegi
15. Birgitta Ósk Hlöðversdóttir, framhaldsskólalærni og tannningakona
16. Ægir Pétur Ellertsson, framhaldsskólakennari
17. Margrét Magnúsdóttir garðyrkjufræðingur
18. Anna Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur
19. Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur
20. Ingibjörg Álfros Björnsdóttir efnafræðingur
21. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir
22. Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi og eftirlaunabegi

Fréttatilkynning frá Vinstri grænum í Árborg



Minniskubbaþenni með laser

Sjáið vöruúrvalið í netverslun okkar baldvinsson.net

Austurvegur 50, 800 Selfoss, sími 777 3772, sala@baldvinsson.net



Leikskólakennarar - Iðjubjálfi

Í leikskólann á Laugalandi vantar okkur leikskólakennara eða annað uppeldismenntað fólk til starfa frá ágúst nk. Einnig óskum við eftir iðjubjálfa í 50% stöðu sem fyrst.

Leitað er eftir áhugasömum, metnaðarfullum starfsmönnum körlum jafnt sem konum með góða íslenskukunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum og eru tilbúnir til að vinna eftir sérstökum áherslum skólans.

Helstu áherslur í starfi eru m.a. traust og góð umönnun og vellíðan barnanna á allan hátt. Leikur, útikennsla, slökun og fjölbreyttar vinnustundir m.a. með Lubba og Blæ. Einkunarorð skólans eru **Viska - Virðing - Vinátta**. Mikil og góð samvinna er við grunn-skólann sem er undir sama þaki og leikskólinn

Leikskólinn Laugalandi er tveggja deilda leikskóli og er staðsettur að Laugalandi í Holtum. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskrí náttúru sem býður uppá endalausa möguleika fyrir leik og nám. Ef þú hefur áhuga þá endilega hafðu samband ;)

Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi, 851 Hella fyrir 13. apríl eða á leikskolinn@laugaland.is

Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediktsdóttir, leikskólastjóri
Veffang: <https://leikskolinnlaugaland.ry.is>
Netfang: leikskolinn@laugaland.is
Sími 488 7042



Umsjónarmaður orlofshúsa óskast

Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu auglýsir eftir umsjónarmanni til að hafa umsjón með 12 húsum á orlofssvæði félagsins við Úlfjótssvatn. Umsjónarmaður sinnir léttu viðhaldi og hefur umsjón með orlofshúsum fyrir og eftir orlofsdval félagsfólks og sér um að húsin séu ávallt tilbúin til notkunar fyrir næstu dvalargesti. Gott er að umsjækendur geti sinnt léttu viðhaldi og starfað sjálfstætt.

Áhugasamir hafi samband fyrir 6. apríl við rekstrarstjóra fasteigna hjá orlofssjóði Sameyis, Ólaf Hallgrímsson, í síma 896 1470 eða á netfangið oli@sameyki.is.



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erft með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



OPIÐ HÚS

Fimmtudag 31. mars kl.
14:45 verður kynningar-
fundur með Öldungaráði.
Farið yfir þá starfsemi sem
Öldungaráð Árborgar stend-
ur fyrir og fyrirspurnum
fundargesta svarað.

SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin eftir hádegi á
fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði,
endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com



Er lúsmý að plaga þig?

Höfum til sölu sérhönnuð
lúsmýsnet í metratili til að setja
fyrir glugga. Sendum samdægurs
um allt land.

Leitaðu upplýsinga og
pantaðu á Postverslun.is.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 3. apríl kl.
11:00. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Edit A. Molnár, prestur
Guðbjörg Arnardóttir. Að lokinni
messu mun Unglingakór Sel-
fosskirkju selja súpu sem fjár-
öflun fyrir kórferðaleg sitt sem
kórinn fer í núna í vor.

Sunnudagaskóli sama dag kl.
11:00, umsjón Sjöfn Þórarins-
dóttir ásamt leiðtogum.
Morgunbætur þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Hrunakirkja

Kvöldmessa fimmtudag kl. 20 í
tilefni af biskupsvísitasiu bisk-
ups Íslands í Hrunaprestakalli.
Frú Agnes biskup prédikar og
þjónar fyrir altari ásamt sóknar-
presti. Kirkjukórar prestakallsins
syngja undir stjórn organistanna
Stefáns og Þorbjargar.

Mosfellskirkja

Kvöldmessa mið. 30. mars kl. 20.
Sr. Bolli Pétur Bollason þjónar og
organisti er Jón Bjarnason.
Miðvikudaginn 6. apríl kl. 20
þjónar sr. Dagur Fannar Magnús-
son og organisti er Jón Bjarnass.

Skálholtsdómkirkja

Föstumessa sun. 3. apríl kl. 11.
Sr. Dagur Fannar Magnússon
þjónar og prédikar. Organisti Jón
Bjarnason. Formleg innsetning
sr. Dags Fannars verður pásma-
sunnudag 10. apríl kl. 11.

Búrfellskirkja

Föstumessa sunnudaginn 3.
apríl kl. 14. Organisti Jón Bjarna-
son. Sr. Dagur Fannar Magnús-
son þjónar fyrir altari og prédikar.

Skarðskirkja

Fermingarmessa verður sunnu-
daginn 3. apríl, kl. 13.00.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyra-
vegi 67, Selfossi, 2. apríl. Biblíu-
lexiur kl. 11 og guðspj. kl. 12.

TIL SÖLU

Kettlingar

Til sölu nokkrir kettlingar.
Afhendast örmerktir, bólusettir
og ormahreinsaðir. Uppl. í síma
649 1066 / 869 0498 eftir kl. 20.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Íþróttir

Mótaröðin á Akureyri

FIMLEIKAR Fimleikadeild
Selfoss hélt norður á Akureyri á
Mótaröðina í hópímleikum um
liðna helgi. Mótaröðin er ný af
nálíni hjá FSÍ þar sem slakað
er á ýmsum reglum t.a.m. Mark-
miðið er að fá liðin til að keppa
oftar og þá í mjúkar lendingar
svo eitthvað sé nefnt. Ferðin

gekk vel og virkilega gaman að
fá hópefli í leiðinni eftir langan
tíma án ferðalaga sem þessa.

Frá Selfossi fóru meistara-
flokarnir tveir, kvenna og
blandað lið sem og 2 flokkur
kvenna, öll lið kepptu í meist-
araflokki og stóðu sig með mik-
illi þrýði.



FUNDIR



Vöflukaffi

Vöflukaffi nk. laugardag frá
kl. 11 til 12 á Eyravegi 15.

Allir velkomnir.

PANTAÐU LJÓSMYNDIR

honnun.prentmetoddi.is

Við erum með allar
algengustu stærðirnar



Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | prentmetoddi.is



† Minning Bárður K. Vigfússon

Þegar ég minnst pabba koma bílarnir hans mér í hug. Ég var bara 4 ára þegar við fórum til Reykjavíkur með Dodda vini pabba að sækja Dodsinn (sá gulllitaði og hvíti, 57 módelið). Á leiðinni heim þegar við fórum niður gömlu Kambana, var mér falið það vandasama verk að fylgjast með hvort það kæmi blár reykur úr pústinu því þá væri vélín óþétt. Dodsinn var sjálfsskipur og þegar pabbi var að kveikja í pípunni sinni þá fékk ég stundum að stýra. Þegar ég var unglingur fékk ég pabba til að hætta að reykja með því loforði að ég myndi ekki reykja.

Pabbi vann í mörg ár á ýtum hjá Sigga á Skammbeinsstöðum og Sigurjóni á Galtalæk. Hann kenndi Dofra Eysteinsyni, sem stofnaði hið stóra og öfluga verktakafyrirtæki Suðurverk, fyrstu handtökin á ýtu. Dorfi var fljótur að læra, en þá var Dofri bara 16 ára svo hann varð stundum að ganga langan veg að ýtunni, hann var ekki nógu gamall til að aka bíl. Síðar vann pabbi í mörg sumur hjá Dofra þegar Suðurverk vann að virkjanafarmkvæmdum á hálendinu.

Pabbi stofnaði ásamt félögum sínum í leiguakstrinum BSS árið 1960, sem fyrst var með afgreiðslu við brúarsporðinn hjá Ölfusá og svo er Fossnesti byggt 1965-66. Leigubílstjóraráhópurinn var samhentur, þeir hjálpuðu til við húsbyggingar hver hjá öðrum enda voru flestir að byggja sér hús á árunum 1964-1970. 1966 er svo opnað Fossnesti, sama ár og pabbi kaupir svarta Dartinn sem var fyrsti nýji bílinn sem hann kaupir. Fossnesti var glæsileg sjoppa á þeirra tíma mælikvarði; veitingasala, bensínsala og afgreiðsla fyrir leigubíla. Fossnesti var þekkt um allt land, m.a fyrir úrvalspylsur enda margir afbrigðismenn og stúlkur sem unnu þar. Pabbi hljóp stundum í skarðið þegar vantaði afgreiðslumann í bensínið.

Gestur bróðir fékk að kaupa skellinöðru þegar hann var fimmtán og ég átti mér þann draum að fá skellinöðru líka. Pabba leist ekki á það og samdi við mig að ég fengi bíl þegar aldur leyfði. Þegar ég var 18 var keyptur Ford 66 módel sem pabbi gerði við og Addi Guðna sprautaði fagurbláan.

Pabbi og mamma hvöttu okkur bræður til að ganga mennta-

vegin og hjálpuðu okkur þegar við vorum blankir. Hann keypti miða í Happraðtti Háskólans, borgaði sjálfur miðann en vinnigarnir komu í hlut okkar Gests.

Pabbi var lipur og þolinmóður þegar hann var að veiða, við veiddum oftast á spún eða beittum síld en sjaldnar á flugu. Þegar við vorum í netaveiðinni var mikið spád í veiðrið og reynt að halda í góða veiðistaði. Snjóölduvatn, Grænavatn, Fossvötnin og Skyggisvatn voru í uppahaldi, og síðar Hraunvötn og Litlisjór. Um tíma áttum við Jeepster jeppa sem Óli Nikk átti áður og hafði fengið þá bræður Björssa og Villa Halldórs til að smíða á hús. Jeppsterinn var með V-6 vél og kraftmikill. Í einni veiðiferðinni í Skyggisvatn gekk okkur erfiðlega að komast upp bröttubrekku við útfallið með kerruna í eftirdragi. Þá datt pabba það snjallræði í hug að við Eggja mágur og ég stæðum á framstuðaranum til að minnka spólið og hann sjálfur undir stýri. Þetta gekk, kannski var pabbi nettari á bensín-gjöfinni en við Eggja þegar við reyndum við brekkuna.

Síðustu jól gaf ég pabba fuglabók í jólagjöf, þar sem hægt var að hlusta á sönginn og hljóðin í fuglunum. Þegar við vorum að hlusta á himbrimann minnti ég pabba á þegar við fengum himbrima í netin inni í Vötnum, en hann var stoppaður upp og var stofustáss á Sól-völlunum. Mig minnti að það hefði verið í Grænavatni, en þá leiðrétti pabbi mig, „þetta var í Snjóölduvatni, við útfallið“.

Þegar mamma veiktist og var vistuð á Ljósheimum heimsótti pabbi hana alla daga og sat hjá henni, spjallaði við hana og las fyrir hana, stundum voru smá eftirhermur. Mamma kvaddi í maí 2018 og stuttu eftir það fékk pabbi vist á Fosshheimum.

Pabbi var frekar íhaldssamur þegar kom að bílakaupum, hann átti fyrst Dodge og svo Nissan (samalt 11 bíla), og svo prufaði hann að eiga Lödu Sport, en það var bara í stuttan tíma. Hann hugsaði vel um bílana, passaði uppá að smyrja, bóna og halda þeim hreinum. Pabbi var veturinn 1994 að fara til Reykjavíkur í mjög vondu veiðri, skafrenningi og ófærð og þurfti að stoppa á móts við Kaffistofuna.

Þá kemur bíll sem keyrir aftan á Nissaninn og kastar honum á bílinn fyrir framan. Þegar yfir-lauk voru nærri 10 bílar komnir í klessu. Bílinn sem keyrði á pabba var trygðður hjá Tryggingu. Ég fór með pabba til Þorsteins Ásmundssonar sem var með umboð fyrir Tryggingu í Suðurgarði (þar sem áður var Surtseyjarlakkrisgerðin og í dag er bókakaffi Bjarna Harðar). Þorsteinn sagði pabba að samkvæmt bókum tryggingafélagsins væri Nissaninn nánast verðlaus, en þeir báðir vissu náttúrulega að svo væri ekki. Síðan spurði Þorsteinn pabba hvað hann mæti bílinn á. Pabbi nefndi upphæðina og Þorsteinn sagði: „Ef þú ert sáttur þá er ég sáttur“. Þessi bíll var svo seldur og leigubílstjóri í Reykjavík keypti hann og lagaði, var svo í fréttunum nokkrum árum seinna þegar Nissaninn náði milljón kílómetraakstri. Eftir samninginn við hinn mæta mann Þorstein fórum við pabbi til Reykjavíkur og pabbi keypti svarta Nissaninn af Ingvari Helgasyni, sá sem var IH 001 (það var víst næstum því tilviljun að Ingvar fékk það númer á bílinn sinn). Þó IH 001 væri nokkra ára gamall var hann eins og nýr því Ingvar notaði hann bara sem sparibíl. Þessi bíll var í miklu uppahaldi hjá pabba en Ingvar fékk þennan bíl að gjöf frá Nissan verksmiðjunum fyrir sölumet í Evrópu (rúmlega 20% markaðshlutdeild, auðvitað miðað við höfðatölu).

Mér telst til að pabbi hafi ekið rúmlega 3 milljónir km, eða sem svarar til 4 ferða til tunglsins og til baka. Á stöðinni var pabbi alltaf með númerið 3 og kallaði „þrír er laus“ þegar ferð lauk. Nú hefur „þrír“ lagt af stað í síðustu langferðina, í sjálft Sumarlandið þar sem vinir hans og fjölskylda taka honum fagnandi.

Pabbi lést þann 14. mars eftir stutta sjúkdómslegu. Hann var jarðsönginn frá Selfosskirkju föstudaginn 25. mars. Við fjölskyldan færum félögum í Karla-kór Selfoss, Jóni Bjarnasyni stjórnanda og Þorsteini Frey Sigurðssyni einsöngvara sérstakar þakkir fyrir vandaðann og fagaðan söng.

Blessuð veri minning
Bárðar K. Vigfússonar.

Kristinn Marínó Bárðarson

Draumalandið Árborg

Senn liður að sveitarstjórn-Sarkosningum 2022, en þær verða haldnar 14. maí n.k. Um allt land eru framboðslistar að taka á sig mynd, línur að skýrast hvaða einstaklingar skipa sæti á listum og hvort um sé að ræða hreina lista frá ákveðnum stjórnmálaflokkum eða blönduð framboð. Vinstri hreyfingin grænt framboð býður fram hreinan lista í Árborg og var listinn kynntur fimmtudaginn 24. mars auk helstu stefnumála. Undirritaður hefur hlotnast sá heiður að fá að leiða lista VG í Árborg. Framboðslistinn er skipaður frábærum einstaklingum sem hver og einn hefði sómt sér vel í forystu listans og vona ég einlæglega að það traust sem félagar mínir hafa sýnt mér til að leiða listann endurspeglar í vali kjósenda í vor. Í stefnumálum okkar munum við leggja áherslu á félagsleg réttindi einstaklinga, umhverfismál, náttúruvernd, jöfnuð og sjálfbærni. Í kosningabaráttunni ætlum við að koma heiðarlega fram og draga fram það jákvæða í samfélaginu.

Árborg er á vissan hátt gott samfélag, við búum hér við milt veðurfar, við erum rík af náttúrugæðum og höfum rúmt landrými. Einnig höfum við hér flesta þá þjónustu sem nútímasamfélag kallar eftir og hér býr gott fólk. Þó margt sé hér ágætt er margt sem má laga. Þar má nefna að uppbygging nauðsynlegra innviða hefur ekki haldist í hendur við aukinn íbúafjölda í sveitarfélaginu og víða virðist ganga illa að halda í horfi því sem var hér fyrir. Maður getur spurt sig hvort forgangsröðun hafi verið rétt og hvort fórnarkostnaður fyrir ýmis verkefni á vegum sveitarfélagsins sé að koma niður á nauðsynlegu viðhaldi innviða í eldri byggðakjörnum og þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Við í Vinstri grænum viljum gera gott samfélag betra. Við viljum gera draumalandið

Sigurður Torfi Sigurðsson,
skipar 1. sæti á
lista Vinstri
grænna í Árborg.



Árborg að nútíma samfélagi og stefnu sem styður við sérstöðu sveitarfélagsins í heild sinni en dregur jafnframt fram styrkleika sérhvers byggðakjarna og svæðis. Nútímasamfélag byggir á jöfnuði og sjálfbærni.

Í nútímasamfélagi reynum við að uppfylla þarfir allra íbúa, óháð aldri, kyni, stöðu og búsetu.

Í nútímasamfélagi teljum við sjálfsögð mannréttindi að skóli sé fyrir börnin okkar og í boðlegu húsnæði.

Í nútímasamfélagi stuðlum við að góðri lýðheilsu barna og fullorðna með aðstöðu til útivistar-, tómstunda- og íþróttaiðkunar.

Í nútímasamfélagi er uppbygging nauðsynlegra innviða skrefi á undan uppbyggingu byggðarkjarna. Þar rúmast einnig óhagnaðardröfin byggingastarfssemi.

Í nútímasamfélagi teljast umhverfismál sjálfsagður hlutur. Þar eru verkefni eins og lausnir í fráveitumálum tækifæri en ekki vandamál.

Í nútímasamfélagi verndum við náttúruna, stefnum að kolefnishlutleysi og leggjum áherslu á náttúrumiðaðar lausnir.

Í nútímasamfélagi ertu ekki ein(n), við erum ein heild, án landamæra og sérhagsmuna.

Kosningar eru verkfæri fyrir einstaklinga í nútímalegu samfélagi til að ná fram breytingum og móta stefnu til framar. Ég vil hvetja íbúa Árborgar að nota tímann fram að kosningum til að kynna sér málefni þeirra flokka og lista sem í framboði eru og nýta sér kosningaréttinn í vor.

Gerðu þín eigin fermingarboðskort
á hönnunarvefnum okkar

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum
okkar getur þú t.d.
útbúið **kort, dagatöl**
og **myndabækur**



Breytingar hjá Dagskránni

Breytingar hafa orðið í starfsmannamálum Dagskránnar á undanförmum vikum. Gunnar Páll Pálsson hefur látið af störfum sem ritstjóri blaðsins og mun Björgvin Rúnar Valentínsson, útíbússtjóri Prentmets Odda á Selfossi, rekstraraðila Dagskránnar, hugsa tímabundið um ritstjórnastarfið. Í blaðamannahópinn bætist við Helga Guðrún Lárusdóttir. Helga er 32 ára Selfyssingur. Hún á ættir að rekja í Hrunamannahrepp og hefur mikinn metnað fyrir sunnlensku samfélagi.

„Ég er mjög spennt að sýna Sunnlendingum hvað í mér býr. Ég hef lesið Dagskrána frá því ég man eftir mér og þykir mjög gaman að vera orðin hluti af þessu rótgróna blaði,“ segir Helga, nýráðinn blaðamaður.



Áfram sterkur sunnlenskur miðill

„Við höfum alltaf lagt áherslu á að fréttir blaðsins nái til sem flestra og munum við halda þeirri stefnu áfram, ásamt því að efla fréttavefinn okkar DFS.“

is. Það er margt spennandi framundan hjá miðlinum og má þá helst nefna endurvakningu DFS TV, en við þurfum því miður að taka hlé á því verkefni þegar Covid-heimsfaraldur hófst,“ segir Björgvin.

Þú ert kveikjan

SALUR GALLERY 1: INGUNN FJÓLA INGÞÓRSÐÓTTIR
SALUR GALLERY 2: ÞÓRÐÍS ERLA ZOËGA
SALUR GALLERY 3: MAGNÚS HELGASON
SALUR GALLERY 4: LÓA H. HJÁLMTÝSDÓTTIR

**ÞÚ ERT KVEIKJAN
YOU ARE THE INPUT**

**BUXNADRAGT
POWERSUIT**

LISTASAFN ÁRNESINGA LÁ ART MUSEUM 05.02—22.05.2022 STYRINGARSTJÓRI CURATOR ERIN HONEYCUTT

AS ROLLING HINNAR RÓLON ROLL ON

Listasafn Árneseinga í Hveragerði hefur á síðastliðnu ári staðið að verkefninu Smiðjuþræðir sem er serie af listasmiðjum sem eru keyrðar út til skóla í Árnessýslu. Listasmiðjunum er stýrt af listamönnum úr ólíkum listgreinum sem eru búsettir á svæðinu og víðar. Auk þess hefur safnið tekið á móti fjölmörgum skóláhópum á árinu til að fræðast um safnið og yfir-

standandi sýningar. Markmið Smiðjuþræða er að bjóða grunn-skólabornum í sýslunni upp á menningartengda viðburði óháð búsetu. Verkefnið hófst árið 2020 með færanlegu smiðjunni Grasa Grafík sem Viktor Pétur Hannesson stýrði og ferðaðist til skóla með smiðjuna. Verkefnið Smiðjuþræðir hlaut svo annan styrk 2021 frá Barnamenningarsjóði sem varð til þess

að verkefnið stækkaði og mögulegt var að fá fleiri listamenn til að leiðbeina fleiri smiðjum á því ári. Smiðjuþræðir hafa því farið víða á síðasta skólaári og það er von Listasafnsins að verkefnið haldi áfram að stækka og blómstra á komandi árum og verði sem fastur liður í menningarstarfi innan Árnessýslu.

Markmið Listasafns Árneseinga er að veita öflugt fræðslustarf bæði á safninu og innan skóla í Árnessýslu og að safnið sé í virku sambandi við nærsamfélagið.

Fréttatilkynning frá Listasafni Árneseinga

ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápviðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaraðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is